



MOSFELLSBÆR

Tvær tillögur að breytingum á deiliskipulagi

Mosfellsbær auglýsir hér með skv. 1. mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eftirtalдар tvær tillögur að breytingum á deiliskipulagi:

3. áfangi Helgafellshverfis, Uglugata 9-13

Um er að ræða þrjár lóðir fyrir tveggja hæða einbýlishús skv. gildandi skipulagi, og gerir tillagan ráð fyrir að þær breytist í parhúsalóðir. Byggingarreitir og ákvæði um húshæðir breytast ekki og nýtingarhlutfall verði óbreytt (0,45).

Í Leirvogstungu, Laxatunga 126-134

Tillagan er um að í stað tveggja hæða raðhúss með 5 íbúðum komi einnar hæðar raðhús með 5 íbúðum og innbyggðum bílskúrum. Meginbyggingarreitir stækki en byggingarreitir fyrir útbyggingar falli út. Húsgerð verði R-IH (ný) í stað R-IID og hámarksnýtingarhlutfall samstæðunnar 0,37.

Ofangreindar tillögur verða til sýnis í þjónustuveri Mosfellsbæjar þverholti 2, frá 15. mars 2016 til og með 26. apríl 2016, svo að þeir sem þess óska geti kynnt sér þær og gert við þær athugasemdir. Tillögurnar eru einnig birtar á heimasíðu Mosfellsbæjar á slóðinni

mosfellsbaer.is/skipulagsauglysingar

Athugasemdir skulu vera skriflegar og skal senda þær til skipulagsnefndar Mosfellsbæjar, þverholti 2, 270 Mosfellsbæ, eigi síðar en 26. apríl 2016.

9. febrúar 2016,
Skipulagsfulltrúi Mosfellsbæjar

þverholti 2 • 270 Mosfellsbær
Sími 525 6700 • mos@mos.is • www.mos.is

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA